

Umsögn

um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018–2022.

Frá meiri hluta umhverfis- og samgöngunefndar.

Nefndin hefur að beiðni fjárlaganefndar frá 7. apríl sl. fjallað um málið. Í áætluninni er byggt á því að stjórnvöld fylgi fjármálaáætlun um opinber fjármál fyrir árin 2018–2022, sem byggð er á fyrirliggjandi fjármálastefnu fyrir árin 2017–2022 og skilyrðum hennar. Í áætluninni eru sett fram markmið fyrir öll málefnasvið og með því er ætlunin að skapa sem skýrast samhengi milli faglegra markmiða og þeirra fjármuna sem varið er til einstakra málefnasviða.

Fjárlaganefnd óskaði eftir að nefndin fjallaði um 8., 11. og 17. málefnasvið, þ.e. sveitarstjórnar- og byggðamál, samgöngu- og fjarskiptamál og umhverfismál. Við umfjöllun málsins fékk nefndin á sinn fund Hrein Haraldsson og Jónas Snæbjörnsson frá Vegagerðinni, Kristínu Lindu Árnadóttur og Kristínu Karlmandóttur frá Umhverfisstofnun, Guðjón S. Bragason og Jóhannes Á. Jóhannesson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Þórð H. Ólafsson og Valbjörn Steingrímsson frá Vatnajökulspjóðgarði, Árna Bragason frá Landgræðslunni, Aðalstein Sigurgeirsson frá Skógræktinni og Pál Erland og Lovísu Árnadóttur frá Samorku.

Almennt um fjármálaáætlun og verklag nefndastarfsins.

Meiri hlutinn fagnar framkomu fjármálaáætlunar og því verklagi sem viðhaft hefur verið innan þess þrönga tímaramma sem gefist hefur, ekki síst vegna óhefðbundinnar tímasetningar alþingiskosninga og tímafrekra stjórnarmyndunarviðræðna í kjölfarið. Telur meiri hlutinn mikilvægt að við þessar aðstæður leggist allir á árar um að vanda til verka innan þess frests sem er gefinn og lyklatríði sé í því samhengi að sú framkvæmd komist í vana að gefnir tímafrestir séu virtir. Sýnt sé að þannig megi koma miklu og vönduðu verki til leiðar þótt tíminn sé naumur.

Meiri hluti umhverfis- og samgöngunefndar styður meginlínur tekju- og gjaldaramma fjármálaáætlunar ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2018–2022. Að því sögðu vill meiri hlutinn koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri varðandi þau málefnasvið sem undir nefndina heyrja.

Sveitarfélög og byggðamál.

Meiri hlutinn leggur áherslu á að gætt sé samræmis milli þeirra verkefna sem sveitarfélögum eru falin og þeirra tekna sem falla sveitarfélögum í skaut til sinningar verkefnum. Að þessu leyti þarf sérstaklega að hafa hugfasta nauðsynlega innviðauppbyggingu vegna stórkostlegrar fjölgunar ferðamanna undanfarin missiri, ekki síst í ljósi umhverfismála. Meiri hlutinn hvetur til skýrrar verkaskiptingar milli ríkis og sveitarfélaga og að fjármagn fylgi þeirri línu og bendir á að samfara þessu kunni að vera þörf á endurskoðun þeirra hlutfallstalna sem fram koma í 8. gr. a laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga.

Samgöngu- og fjarskiptamál.

Líkt og ítrekað hefur komið fram er sú samgönguáætlun sem Alþingi samþykkti sl. haust vanfjármögnuð og ljóst að ekki mun koma til allra þeirra framkvæmda sem þar getur. Samkvæmt þeirri hagspá sem gengið er út frá í fjármálaáætlun erum við stödd á toppi hagsveiflunnar í einu lengsta samfellda hagvaxtarskeiði sögunnar. Af þessum sökum hefur verið varað við þensluáhrifum og samhliða hvatt til aðhalds í ríkisrekstri og sér þess stað í fjármálastefnu og -áætlun ríkisstjórnarinnar, m.a. á því markmiði að afgangur af vergri landsframleiðslu fari vaxandi og verði 1% árið 2017 en 1,6% næstu tvö ár þar á eftir. Meiri hlutinn tekur undir mikilvægi aðhalds í ríkisrekstri og að spornað verði við óæskilegum þensluáhrifum af efnahagsuppsveiflunni. Þegar kemur að forgangsöröðun verkefna á sviði samgangna og ráðstöfun viðbótarfjármagns til málaflokksins telur meiri hlutinn í þessu skyni mikilvægt að fram fari greiningarvinna á þensluáhrifum mismunandi verkefna og að unnið verði eftir þeirri greiningarvinnu. Þannig sé t.a.m. ljóst að þensluáhrif samgönguuppbygginga á köldum svæðum á landsbyggðinni séu hverfandi og að slík uppbygging sé ekki líkleg til að stefna markmiði fjármálastefnu og -áætlunar ríkisstjórnarinnar um efnahagslegan stöðugleika í hættu. Telur meiri hlutinn að almennt beri að forðast að verkefni sem voru látin sitja á hakanum á árunum eftir hrun af þeirri ástæðu að þá var samdráttur verði látin sitja á hakanum nú af þeirri ástæðu að nú sé þensla. Við þær efnahagsaðstæður sem nú eru uppi sé svigrúm til hraðari uppbyggingu ýmissa innviða á köldum svæðum.

Meiri hlutinn leggur jafnframt áherslu á að áfram verði hugað að öðrum möguleikum til fjármögnunar samgöngumannvirkja en með beinum framlögum úr ríkissjóði og styður hugmyndir um lausnir á borð við samstarfsfjármögnun ríkis og einkaaðila, sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hefur m.a. víðrað, um vegabætur á aðalumferðaræðum til og frá höfuðborgarsvæðinu. Þá leggur meiri hlutinn áherslu á að fjármálaáætlunin bindi ekki hendur ríkisstjórnarinnar svo að hún geti ekki ákveðið að taka þátt í verkefni um svokallaða borgarlínu og eflingu almenningssamgangna og vísar um það til framkominnar umsagnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um fjármálaáætlun. Nefndin hefur í umfjöllun sinni um fjármálaáætlun, sem og um önnur þingmál, ítrekað komið inn á mikilvægi almenningssamgangna og leggur meiri hlutinn áherslu á að samstarf ríkis og sveitarfélaga um rekstur þeirra haldist gott. Meiri hlutinn fagnar áformum um uppbyggingu borgarlínu og leggur sem fyrr segir áherslu á að gert verði ráð fyrir svigrúmi fyrir aðkomu ríkisins að fjármögnun verkefnisins í samstarfi við sveitarfélög, samanber ákvæði þar um í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Að því er varðar fjarskiptamál bendir meiri hlutinn á mikilvægi þess að fjármagn verði veitt til áframhaldandi innviðauppbyggingar. Meiri hlutinn fagnar sérstaklega og lýsir ánægju sinni með verkefnið Ísland ljóstengt og hvetur til að framhald þess verði tryggt. Meiri hlutinn telur mikilvægt þegar kemur að veitingu fjármagns til viðhalds og uppbyggingar fjarskiptainnviða að tekið verði sérstakt tillit til sveitarfélaga sem hafa fáa íbúa en stórt landsvæði, að áfram verði unnið að styrkingu GSM-kerfisins um allt land enda mikilvægt öryggisatriði og að hugað verði að uppbyggingu neyðarfjarskipta.

Umhverfismál.

Meiri hluti nefndarinnar telur ljósa nauðsyn þess að málaflokkur umhverfismála fái aukið vægi á komandi árum og leggur áherslu á að fjármagn fylgi auknum áherslum ríkisstjórnarinnar, m.a. til að ná fram markmiðum í loftslagsmálum svo Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt Parísarsamkomulaginu. Meiri hlutinn leggur áherslu á setningu skýrra og mælanlegra markmiða í þessu samhengi. Meiri hlutinn fagnar fregnum af undirritun samstarfsyfirlýsingar sex ráðherra um aðgerðaráætlun Íslands í loftslagsmálum, sem liggja skuli fyrir í lok árs, og hvetur ríkisstjórnina til dáða í þeim efnum.

Sam fyrr segir styður meiri hluti nefndarinnar tekju- og gjaldamma fjármálaáætlunar ríkisstjórnarinnar og hvetur til samþykktar hennar að teknu tilliti til þeirra sjónarmiða sem að framan hafa verið rakin.

Alþingi, 4. maí 2017.

Valgerður Gunnarsdóttir, form.

Ásmundur Friðriksson.

Bryndís Haraldsdóttir.

Pawel Bartoszek.

Teitur Björn Einarsson.